

VIÐAUKI 2

MINNISBLÖÐ SÉRFRÆÐINGA

1. Botndýralíf: Jörundur Svavarsson, dags. 7. maí 2007
 2. Gróður: Ágúst H. Bjarnason, 10 apríl 2007
 3. Fuglar: Jóhann Óli Hilmarsson, 7. maí 2007
-



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík 7. maí 2007

Helga J. Bjarnadóttir

Línuhönnun hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 R

Erindi: Fyrirspurn um áhrif breytinga á legu Sundabrautar (1. áfanga, leið III, eyjalausn) og landfyllingar í Laugarnesi á botndýralíf.

Í tölvupósti dags 4. apríl 2007 var þess farið á leit við undirritaðan að hann legði mat á áhrif breytinga á legu Sundabrautar (1. áfanga, leið III) og landfyllingar í Laugarnesi á botndýralíf. Með beiðninni fylgdi kort frá Línuhönnun (apríl 2007, Heiti: SBJ-13).

Landfylling í Laugarnesi

Landfylling vegna mynnis Sundagangna er fyrirhuguð við Laugarnes (kort dags. apríl 2007). Uppfylling þessi verður staðsett að mestu utan við manngerða strandlengju/uppfyllingu, en á þessari uppfyllingu er staðsett ein af helstu dælustöðvum fráveitu Reykjavíkur.

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um botndýralíf nákvæmlega þar sem þessi nýja landfylling verður staðsett. Margvíslegar upplýsingar eru hins vegar fyrirliggjandi um botndýralíf utar og ennfremur austar á sundunum, þ.e. í Viðeyjarsundi (sjá t.d. Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1992, 1996; Jörundur Svavarsson 2000; Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason 2002). Á svæðinu þar sem göngin munu að líkindum opnast, er botninn að öllum líkindum sand- eða leðjubotn.

Ljóst er að við framkvæmd af þessu tagi mun talsvert svæði af botni hverfa undir uppfyllingu og aðgerðin er því óafturkræf.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrirliggjandi eru um lífríki á botni sjávar á sundunum við Reykjavík, er ólíklegt að mjög fjölbreytilegt lífríki sé til staðar þar sem uppfyllingin mun verða staðsett. Ennfremur er ólíklegt að þarna finnist tegundir sem nauðsynlegt er að vernda. Ljóst er að verulegt álag var um árabíl á þessu svæði vegna framkvæmda við þá uppfyllingu sem nú stendur þarna, auk framkvæmda við dælustöðina. Á svæðið hefur eflaust borist mikið af jarðefnum á framkvæmdatímanum, með meðfylgjandi gruggi. Aðstæður lífveranna á botninum hafa því verið óeðlilegar um langa hríð.

Í ljósi þess að mikið álag hefur verið á svæðinu og líkum á því að lífríkið þar sé nú þegar raskað, auk fyrirliggjandi bakgrunnsupplýsinga um nálæg svæði, tel ég ekki þörf á því að

farið verði í grunnrannsóknir á samsetningu dýralífs á botni þar sem gangaopið verður staðsett.

Breyting á Eyjaleið – landfylling vestan við Gufuneshöfða

Hér er um að ræða hliðrun á Eyjaleið, þannig að landfylling verði byggð vestan við Gufuneshöfða. Ekki eru meðfylgjandi upplýsingar um breytingar á straumum eða vatnsskiptum í Elliðaárvogi og því aðeins fjallað um lífríki á botni þar sem uppfyllingin kemur.


Umtalsverðar upplýsingar eru fyrirliggjandi um botndýralíf í Elliðaárvogi og spanna þær talsvert tímabil (sjá t.d. Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1992, 1996; Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason 2002). Nýlega var lífríki kannað utan við gömlu öskuhaugana í Gufunesi (Jörundur Svavarsson 2004) og voru athugunarstöðvar í þeim rannsóknum staðsettar rétt norðan við Gufuneshöfðann. Upplýsingar um lífríki og fjölbreytileika þess á ofangreindum athugunarstöðvum gefa því að líkindum góða mynd af því sem búast má við að sé við Gufuneshöfða. Í ljós kom að þarna er að finna samfélag á botni sem er aðeins í meðallagi auðugt af lífi og hefur því ekki mikið varðveislugildi.

Ljóst er að samfélagið mun hverfa við uppfyllinguna. Í ljósi þess að svæðið rétt norðan við þetta svæði hefur lítið varðveislugildi, er ekki þörf á sérstökum rannsóknum á botndýralífi vegna þessarar breytingar.

Niðurstaða

Ekki er þörf á rannsóknum á lífríki á botni sjávar vegna ofangreindra framkvæmda.

Virðingarfyllt



Jörundur Svavarsson

Heimildir

Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1992. Eftirlitsrannsóknir í Viðeyjarsundi og Eiðsvík 1985-1992. I hluti. Botndýralíf. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, fjölrit, 33 bls.

Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1996. Vöktun í Viðeyjarsundi og Eiðsvík. Könnun á botndýralífi í febrúar 1996 og samanburður við fyrri athuganir. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, fjölrit, 30 bls.

Jörundur Svavarsson 2000. Lífríki botns á fyrirhuguðum skólpútrásarstað út af Klettagörðum. Skýrsla til Gatnamálastjórans í Reykjavík, 45 bls.

Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason 2002. Botndýralíf við Sundahöfn. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 66. 35 bls.

Jörundur Svavarsson 2004. Lífríki á botni neðansjávar út af Gufunesi. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 70. 39 bls.

:: Vistfræðistofan

Ágúst H. Bjarnason, fil. dr.

Laugateigi 39 • 105 Reykjavík

Kennitala 301245-3869 • Vsknr. 31068

Tölvup. ahb@ismennt.is • Sími 553 6306

Efni: Er umhverfismat á flóru og gróðri nauðsynlegt vegna 1. áfanga Sundabrautar?

Allnokkrar skýrslur hafa verið teknar saman, sem lýsa náttúrufari svæðisins með Sundum. Af ýmsu tilefni hafa flóra og gróður oftsinnis verið athuguð. Flóran verður að teljast allvel þekkt og á það einnig við um slæðinga, sem víða setja svip á umhverfið. Sama má segja um gróður; helztu gróðurfélög eru þar þegar skráð. Víðast hvar ber gróður glögg merki búsetu og margvíslegs jarðrasks.

Þá má þess geta, að flestir, ef ekki allir, líffræðingar í Reykjavík, hafa gengið þarna um all nokkrum sinnum, og án efa væri komið í ljós, ef eitthvað mjög sérstakt væri þar að finna. Árið 1932 fann Helmut Schwabe, sá hinn sami og var hér við rannsóknir í Surtsey, burstasef (*Isolepis setacea* (L.) R.Br. (syn. *Scirpus setaceus* L.) í Laugarnesi. Tegundin hefur ekki fundizt síðan, þrátt fyrir allmikla leit.

Eg þykist þess nokkuð fullviss, að hvorki sérstæðar tegundir plantna né gróðurfélög fari forgörðum við fyrirhugaðar framkvæmdir; hins vegar fylgja slíkum framkvæmdum ætíð skerðingar á gróðri á landi sem og í fjöru. Möguleg varðveizla þessa svæðis er því ekki tegundanna vegna heldur veltur á því í hve manngerðu umhverfi menn vilja búa.

Niðurstaða þessa máls er því sú, að umhverfismat á flóru og gróðri er ekki mjög brýnt verkefni.

Reykjavík, 10. apríl 2007

Ágúst H. Bjarnason

Til Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, Línuhönnun.

Umsögn um fuglarannsóknir við Laugarnes, vegna fyrsta áfanga Sundabrautar

Að beiðni Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, f.h. Línuhönnunar, var farið á leit við undirritaðan, að leggja mat á hvort rannsaka þyrfti fuglalíf í Laugarnesi, vegna uppfyllingar við Kirkjusand, þar sem áætlað er að svonefnd Sundagöng opnast til vesturs. Fuglalíf í Laugarnesi var sérstaklega kannað árið 1997 að beiðni Reykjavíkurborgar og birtust niðurstöður þeirrar könnunar í skýrslu Náttúrufræðistofnunnar árið 1999 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1999). Í skýrslunni er getið um 43 fuglategundir, sem fundist hafa í Laugarnesi. Þegar könnunin var framkvæmd 1997, var opið skólpræsi á Kirkjusandi og fylgdi því talsvert fuglalíf. Nú hefur ræsið verið aflagt og fuglarnir sem fylgdu því horfnir.

Ástæða þykir til að benda á mikilvægi friðlands í Laugarnesi, en það er borgarverndað og á Náttúruminjaskrá. Sérstaklega er fjaran mikilvæg í ljósi þess, að **öll** fjara frá Geldinganesi og útundir Gróttu á Seltjarnarnesi og einnig stórir hlutar fjöru á sunnanverðum Innnesjum, t.d. í Hafnarfirði, hefur verið raskað með uppfyllingum. Einu undantekningarnar eru innri hluti Grafarvogs og Laugarnestangi. Það er því afar mikilvægt að hlífa því litla sem eftir er af náttúrulegri fjöru í Laugarnesi. Stærstur hluti hinnar fyrirhuguðu uppfyllingar er utan friðlandsins, við fjöru sem þegar hefur verið fyllt upp. Það ætti alls ekki að skemma hina óröskuðu fjöru. Sömuleiðis ætti að hlífa grónu landi í Laugarnesi við frekari röskun.

Uppfyllingin mun eyðileggja botn, sem er notaður af fuglum eins og æðarfugli og öðrum algengum tegundum til fæðuöflunar. Sama er að segja um bjartmáfa og fáeinar aðrar tegundir, sem nýta sér yfirborð sjávar til fæðuöflunar. Fáir eða engir fuglar verpa á framkvæmdasvæðinu. Það er hægt að fullyrða með nokkurri vissu, að engar válistategundir né búsvæði þeirra séu í hættu vegna uppfyllingarinnar. Sömuleiðis er hægt að fullyrða, að engin spendýr munu tapa búsvæðum við framkvæmdina.

Niðurstaðan er því sú, að umhverfismat vegna fugla og spendýra er ekki talin nauðsynleg, en verndargildi óraskaðarar fjöru í Laugarnesi ítrekað.

Stokkseyri 7. maí 2007

Jóhann Óli Hilmarsson

Tilvitnuð heimild:

Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes*. Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg. Náttúrufræðistofnun Íslands, 73 bls. + kort.